

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að óheimilt verði að leggja ökutæki í norðurkanti Eggertsgötu, milli Ingunnargötu og Suðurgötu.
2. Að óheimilt verði að leggja ökutæki í suðurkanti Eggertsgötu, milli Suðurgötu og Njarðargötu.
3. Að bifreiðastæði við Skógarveg 8 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
4. Að bifreiðastæði við Skólavörðustíg 16a verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum. Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofa stjórnvís- og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 19. apríl 2023.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. maí 2023